



Borgarráð

Staðsetning varanlegs regnboga - Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Tilvísun nr. R19060051 - Umsögn

Á fundi borgarráðs þann 4. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins og var henni vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs.

„Hvernig var ferli þess að Skólavörðustígur var valinn regnbogagata en ekki einhver önnur gata og hverjir komu að ákvörðuninni? Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um ferlið lið fyrir lið og hverjir sátu í hópi þeirra sem ræddu um hvaða gata yrði fyrir valinu. Flokkur fólksins telur mikilvægt að þegar val eins og þetta stendur fyrir dyrum þarf ferlið að vera gegnsætt og rétt hefði verið að leggja fram nokkra valmöguleika og leyfa fleirum að hafa eitthvað um þetta val að segja.“

Umsögn:

Þann 4 júní 2019 samþykkti borgarstjórn að varanlegum regnboga yrði fundinn staður á gangbraut, göngustíg, vegg eða öðrum áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði var falið að koma með tillögu að staðsetningu regnbogans og leggja fyrir skipulags og samgönguráð með það fyrir augum að framkvæmd gæti átt sér stað sumarið 2019. Tillaga var mótuð hjá sviðinu og lögð fram á fundi Skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 þar sem hún var samþykkt.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri